

Skýrsla stjórnar til aðalfundar Hvanneyrarbúsins ehf.

Hvanneyri 17. ágúst 2016

Alls voru haldnir þrír formlegir stjórnarfundir milli aðalfunda;

7. október 2015

17.-24. desember 2015 (*per capsulam*)

25. janúar 2016

Þá hafa stjórnarmenn og bústjóri átt regluleg samskipti í samtölum, tölvupósti og síma til að ræða málefni sem varðar félagið.

Í heildina hefur rekstur félagsins árið 2015 gengið samkvæmt væntingum stjórnenda eftir að skipt var um starfsmenn búsins og Hestsbúið tekið út úr rekstrinum. Uppgjör við fortíðina setur þó verulegt mark sitt á reksturinn og mun gera það áfram á næstu misserum.

Samningar við lífeyrirsjóði og stéttafélög vegna vangoldinna greiðslna um árabíl lauk farsælega og hafa þær skuldir verið greiddar upp á þessu ári. Sömuleiðis er búið er að semja um uppgjör skulda búsins við fyrrverandi framkvæmdastjóra og félags í hans eigu.

Innheimta útistandandi skulda hefur yfirleitt gengið vel nema vegna vanefnda Hestavina í Þórulág. Það mál hefur verið í lögfræðiferli um langt skeið og líkur eru á að það verði að afskrifa þá skuld.


Ákveðið var að skipta um endurskoðendur félagsins af ástæðum sem ekki verða raktar hér. Samið hefur verið við BDO ehf. til að sjá um löggilda endurskoðun. Fjármálaskrifstofa Lbhí sér um daglegt bókhald búsins ásamt bústjóra og hefur það samstarf gengið afskaplega vel. Sérstaklega ber að þakka Kristínu Siemsen fyrir hennar miklu vinnu við að greiða úr flóknum bókhaldsflækjum fyrri ára.

Upphaflegum samstarfssamningi við Lbhí var sagt upp í byrjun árs 2015. Búið er að ganga frá nýjum samningi „vegna breytinga og þróun á kenngslu og rannsóknaðstöðu“ í Hvanneyrarfjósinu en enn á eftir að gera rammasamning milli félagsins og Lbhí.

Á árinu var umtalsverð endurnýjun á helstu vélum og tækjum búsins en þau voru vægast sagt í lélegu ástandi og mjög dýr í rekstri eins og kemur fram í ársreikningum. Þá var gerður þjónustusamningur við Fóðurblönduna um fyrirbyggjandi viðhald á VMS mjaltaróbótum sem er lykiltækið í rekstri búsins. Enn eru þó eftir mörg fjárfrek viðhaldsverkefni sem þarf að ráðast í strax og efnahagur leyfir.

Lbhí fékk heimild til flytja mjólkurgreiðslumark frá Möðruvöllum til Hvanneyrar árið 2015 og var það mikil búbót.

Á árinu 2015 er í fyrsta skiptið hagnaður af rekstri félagsins og er viðsnúningurinn tæpar 7 milljónir króna frá fyrra ári. Sömuleiðis tókst að rétta við eiginfjárstöðuna en enn er langt í land við að vinna upp tap fyrri árinu.



Meginmarkmið með uppstokkun og endurreisn félagsins sem ráðist var í 2015 var að auka fagmennsku, bæta ásýnd og tryggja efnahagslega sjálfbæran búrekstur á Hvanneyri í þágu rannsókna og kennslu á vegum Lbhí. Með einbeittum stuðningi yfirstjórnar Lbhí og nærumhverfinu á Hvanneyri hafa þessi markmið náðst strax á fyrsta ári. Þessum árangri er þó fyrst og fremst að þakka starfsmönnum búsins sem hafa tekið á bústörfunum af mikilli fagmennsku og ósérhlífni. Einnig hefur skapast sterkt samstarfsteymi milli starfsmanna búsins og kennara starfsmenntunarbrautar sem hefur skilað sér í betri og meiri verklegri kennslu við skólann og lagt grunninn að viðhorfsbreytingum nemenda á gagnsemi Hvanneyrabúsins. Þá er Hvanneyrabúið orðið mun sýnilegra í vefheimum sem er með yfir 1000 fylgjendur á FB síðu sinni.

f.h. stjórnar

Þóroddur Sveinsson